

Ágæta samkoma

Það er mér mikill heiður að fá að ávarpa ykkur á sjómannadaginn og óska ykkur til hamingju með daginn - En eins og þið þekkið þá eru liðin 80 ár frá stofnun Sjómannadagsráðs og 60 ár liðin frá því að Hrafnista í Reykjavík tók til starfa. Í ár eru einnig 100 ár liðin frá verklokum við gerð Gömlu hafnarinnar í Reykjavík, sem hefur haft hvað mest áhrif á þróun Reykjavíkur. Það er því stór áfanga að minnast og færa þakki þeim sem hafa á þessum áratugum lagt ómetanlega vinnu að mörkum. Vinnu sem öll er í þágu samfélagsins og gleymist á stundum í daglegu amstri. Hér að Hrafnistu er fallett heim að horfa þar sem þeir sem voru í forystu byggðu upp hús og starfsemi af einstökum metnaði, sem síðan hefur fylgt störfum Sjómannaráðs alla tíð. Mér er minnisstætt þegar ég var sjö ára og sótti sunnudagssýningar í Laugarásbíó, hversu mikill virðuleiki var yfir húsi og lóð Hrafnistu. Síðar sáðist inn vitneskjan og sannleikurinn um þann metnað og þá alúð sem lögð er í þjónustu við þá sem lokið hafa langri og gjöfulli starfsævi. Og áfram er haldið á sömu braut og af þeim sama metnaði sem frumkvöðlarnir stóðu fyrir. Þess vegna er sérstök ástæða til að minnast þeirra og gleðjast yfir því að enn eru við stýrið hjá Sjómannadagsráði þeir sem fylgja falgri hugsjón og vilja sínu fólki aðeins það besta.

Ég hef unnið að hafnarmálum í um 30 ár. Fyrst sem bæjarstjóri á Akranesi en síðustu 12 árin hjá Faxaflóahöfnum. Á þeim tíma hef ég notið samstarfs við Sjómannadagsráð þar sem Guðmundur Hallvarðsson var fremstur í flokki, en hann hefur nú eftir 24 ár í forystu ráðsins afhent keflið Hálfadáni Henryssyni. Hér er því góður vettvangur til að færa Guðmundi bestu þakki fyrir einstaklega ánægjulegt og farsælt samstarf og óska Hálfadáni velfarnaðar.

Ég nefndi að í ár fögnum við 100 ára afmæli Gömlu hafnarinnar í Reykjavík, en í nóvember árið 1917 voru verklok við gerð hafnarinnar sem samið var um árið 1913. Framkvæmdin var mikið verk og það stærsta sem Íslendingar höfðu, frá landnámi, ráðist í. Má kannski segja að þá loksins höfum losnað undan ákvæðum Gamla sáttmála, þar sem Hákon gamli samdi um að senda okkur vor- og haustskip með nauðþurftum, en á móti greiddum við Noregskonungi skatt og játuðumst forsjá hans og í bjargaleysi og illdeilum innanlands, lentum síðan undir einokun danakonungs. Upp úr aldamótum 1900 var þjóðin að hrista af sér hlekki liðinna alda og vakna til vitundar um það afl sem bjó með henni og þá auðlegð sem hún gæti sjálf nýtt til framfara. Á fyrstu áratugum 20. aldar, þrátt fyrir ýmis konar mótlæti eins og fyrri heimstyrjöldina, vöruskort og verðbólgu, þá lagði sú kynslóð sem þá daga lifði, grunninn að velsæld okkar á 21. öldinni. Það má segja að öldin hafi hafist sem stormsveipur og fyrsti ráðherra Heimastjórnarinnar, skáldið Hannes Hafstein, lagði út af þeirri samlíkingu í ljóð sínu Stormur þar sem síðasta erindið hljóðar svo:

Ég elska þig, elska þig, eilífa stríð,
með ólgandi blóði þér söng minn ég býð.
Þú alfrjálsi loftfari, hamast þú hraður;
hugur minn fylgir þér, djarfur og glaður.

Og hugur fylgdi máli. Byggðir voru skólar, vegir lagðir og brýr reistar. Síminn kom til sögunnar, útgerð tók stakkaskiptum með innreið togaraaldar og hafnir voru gerðar. Í kjölfarið komu stéttarfélagin, vökulög, almannatryggingar og Sjómannadagsráð, sem lét málefni aldraðra sjómanna til sín taka með þeim hætti, sem ævinlega mun varpa ljósi á minningu þeirra sem lögðu hönd á plóginn. Á skömmum tíma höfum við því náð talsvert góðum árangri. Lengi hafði bæjarstjórnin í Reykjavík og kaupmenn sem höfðu hagsmuni af góðri hafnaraðstöðu, haft áhuga á að gerð yrði alvöru höfn í Reykjavík. Hafnarsjóður var stofnaður árið 1856, en ekki varð af framkvæmdum við hafnargerð fyrr en árið 1913. Verkefnið var gríðarlega kostnaðarsamt og því eðlilega ekki hlaupið að því að hefjast handa. Í febrúar árið 1910 gekk ofsaveður yfir landið og varð þá verulegt tjón á fjölda skipa og báta í Reykjavík. Þegar veðrinu slotaði var skrifað í blaðið Ísafold: "Það er dýr skattur og

tilfinnanlegur, sem borga þarf fyrir hafnleysið í höfuðstaðnum". Eftir það tjón sem varð og minnug mikils sjólyss árið 1906, þegar 20 sjómenn fórust við bæjardyrnar skammt undan Viðey, þá var samhljóða ákveðið að hefjast handa. Þegar samningar lágu fyrir við verktakann voru fluttar inn tvær eimreiðar, Pioner og Minör til grjóttflutninga úr Öskjuhlíð niður á höfn. Önnur stórvirk tæki voru einnig flutt inn til að vinna að hafnargerðinni, því nauðsynleg tæki voru í þá daga ekki til á Íslandi. Þó svo að framkvæmdum hafi lokið árið 1917 má segja að hafnargerðinni hafi í raun aldrei lokið, því frá verklokum árið 1917 hófst þróun, sem stendur yfir enn í dag. Árið 1968 hófst svo þróun og gerð Sundahafnar og árið 2005 voru Faxaflóahafnir sf. stofnaðar. Þá bættust í hópinn Grundartangahöfn, Akraneshöfn og Borgarneshöfn. Hafnasagan er því saga þróunar borgar og samfélags og þó svo að erlendar hafnir státi flestar af aldalangri sögu þá hefur þróunin við Faxaflóann verið þísna hröð. Ekki má gleyma því að þróun höfuðborgarinnar og vöxtur hennar á síðustu öld er að stórum hluta til komin vegna Gömlu hafnarinnar, sem strax í árdaga varð vettvangur öflugs atvinnulífs, togarútgerðar og útgerðar kaupskipa. Höfnin varð því strax einn af hornsteinum Reykjavíkur og sterkur hlekkur í efnahag þjóðar á leið til sjálfstæðis. Höfnin var um áratugaskeið andyri Íslands í flutningum til og frá landinu og vettvangur heimsóknna góðra gesta. Þar stigu á land Charles Linberg og Balbo flugkappi sem voru frumherjar í sögu flugsins. Þar steig á land breski herinn þegar landið var hernumið og síðar Winston Churchill. Gamla höfnin var einnig vettvangur heimkomu Halldórs Kiljan Laxness eftir að honum voru veitt Nóbelsverðlaunin í bókmenntum og síðar var höfnin vettvangur heimkomu handritanna í apríl árið 1971. Gamla höfnin hefur því ekki aðeins verið vettvangur atvinnulífs heldur einnig viðburða sem tengjast sögu landsins. Í dag er Gamla höfnin í Reykjavík enn sem fyrr iðandi vettvangur atvinnulífs, menningar og þjónustu og þó margt hafi breyst gegnir hún miklvægu hlutverki. Eitt af einkennum hennar og Reykjavíkur er m.a. að Gamla höfnin er eina höfuðborgarhöfnin í Evrópu þar sem sjávarútvegur og fiskvinnsla er stór hluti starfseminnar. Það eru einkenni sem mikilvægt er að varðveita.

Ég hef nefnt að lífið í höfnunum hefur tekið breytingum. Eitt af því sem m.a. hefur breyst er að dagleg tengsl fólks við lífið í höfninni eru ekki ein mikil og áður var. Hér áður fyrr gerðu sér allir grein fyrir mikilvægi hafna og þekktu skipin. Nú þarf að uppfræða og kynna það sem fram fer á hafnarsvæðunum því sem betur fer þá hefur höfnin enn það aðdráttarafl sem dregur almenning á hafnarsvæðið til að sjá skipin og lífið á hafnarbökkunum. Annar þáttur sem vaxið hefur mjög hin síðustu ár eru umhverfismál. Þó svo að hafnarstarfsemin sé efnahagslega mikilvæg þjóðinni þá ber okkur skylda til að ganga vel um þau svæði sem okkur er falin forsjá yfir hvort heldur er á landi eða sjó. Í dag eru aðrar kröfur en gerðar voru forðum varðandi umhverfi í landi og á bryggjum. Allt sorp skal koma með í land og útblástur skipa verður að minnka m.a. til þess að vega gegn losun á gróðurhúsalofttegnum. Þessum verkefnum tekur allt mitt fólk af alvöru og áhuga enda mikilvægt að við getum í dagslok skilað af okkur betra umhverfi en við tókum við.

Saga okkar síðustu 100 ár er svo sannarlega saga framkvæmda og framfara, en fyrst og fremst endurspeglar liðin öld sögu fólks og mannlífs, þar sem samstaða og dugnaður hafa skilað mestum árangri. Í daglegu amstri skortir metnaðarfulla þjóð á stundum þolinmæði til að ná þeim markmiðum sem sett eru. Sagan sýnir að sundurlyndi hefur alltaf valdið okkur búsifjum, en samstaða skilað okkur árangri. Við sjáum þetta á öllum sviðum þjóðlífsins hvort heldur nefndar eru mikilvægar framkvæmdir eða þjónusta við fólk. Á grundvelli afreka fyrri kynslóða búum við í landi tækifæra, sem okkur ber að fara vel með. Sjómannadagurinn ber þess vitni hversu vel tækifærin hafa verið nýtt, hversu samstaðan hefur skilað í aðbúnaði og öryggi sjómanna, hversu metnaður og samstaða hafa búið okkar bestu kynslóð góða þjónustu og skjól og hversu hafnir Faxaflóahafna sf. eru góður samnefari fyrir alla þá fjölbreyttu starfsemi, sem bætir lífskjör og mannlíf. Á grundvelli mannúðar og kærleika tek ég undir með Hannesi Hafstein og segi: "...hugur minn fylgir þér djarfur og glaður".